Framboð til stjórnar Lífeyrissjóðsins Lífsverk

Hér með býð ég mig fram til setu í aðalstjórn Lífeyrissjóðsins Lífsverk fyrir næsta kjörtímabil. Ég heiti Gnýr Guðmundsson og starfa sem verkefnastjóri áætlana hjá Landsneti. Ég er búinn að vera félagi í Lífsverki síðan ég hóf störf á tæknisviði álversins í Straumsvík í október 2008 og hef alla tíð haft mikinn og einlægan áhuga á lífeyrismálum og vil því gjarnan gerast stjórnarmaður í Lífsverki.
Mínar áherslur snúa að því að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í rekstrarafkomu sjóðsins síðustu misserin og stuðla þannig að áframhaldandi öruggri ávöxtun eigna sjóðsins og að sama skapi leggja áherslu á skynsamlega áhættustýringu í fjárfestingum sjóðsins. Þannig trúi ég að hægt sé að lágmarka áhættu í fjárfestingarstefnu og koma í veg fyrir mögulegar skerðingar á lífeyrisréttindum sjóðsfélaga í framtíðinni.

Smá um mig:

Ég er 46 ára rafmagnsverkfræðingur og vinn sem verkefnastjóri áætlanagerða hjá Landsneti. Ég er í sambúð með Nönnu Pétursdóttir ráðgjafa og búum við í Hafnarfirði. Ég er orkubolti og hef löngum haft mikinn áhuga á margs konar félagsstörfum og hef setið í stjórnum og nefndum fyrir ýmis hagsmuna- íþrótta- og félagasamtök. Ég hef einnig gegnum tíðina haft áhuga á fjármálum og fjárfestingum og hef á tímum komið að fjárfestingum sem frístundafjárfestir. Ég hef mikla reynslu af verkefnastjórnun, áætlanagerð, hópavinnu og stjórnarstörfum ásamt ýmiskonar virðismötum sem ég tel að muni koma mér vel í aðalstjórn Lífsverks.

Starfsferill:

Mitt núverandi starf er hjá Landsneti þar sem ég hef umsjón með gerð áætlana á þróunar- og tæknisviði. Af áætlunum sem ég hef umsjón með má nefna kerfisáætlun Landsnets, sem nær yfir þróun flutningskerfis raforku á Íslandi og fjárfestingaráætlun fyrirtækisins. Á fjárfestingaráætlun má finna þær fjárfestingar sem ráðast þarf í til að viðhalda og þróa flutningskerfi raforku á eins hagkvæman hátt og unnt er til hagsbóta fyrir fyrirtæki og almenning í landinu. Áður en ég tók við því starfi í janúar 2016 var ég leiðtogi verkefnastjórnunarteymis Rio Tinto Alcan á Íslandi frá 2011. Þar var ég m.a. ábyrgur fyrir fjárfestingaráætlun fyrirtækisins, forgangsröðun verkefna og virðisútreikningum, ásamt úthlutun verkefna til verkefnastjóra og ýmiskonar umsýslu. Fyrir þann tíma var ég verkefnastjóri hjá Rio Tinto Alcan þar sem ég sá sinnti hefðbundinni verkefnastjórnun fjarfestingaverkefna. Á árunum 2003 til 2008 bjó ég í Danmörku þar sem ég stundaði nám og vann þar í hlutastörfum m.a. hjá þróunar- tæknisviði Energinet.dk á tímabilinu 2007 og 2008 og sem stundakennari í rafmagnstæknifræðifögum við IOT, síðar SDU í Odense á árunum 2006 til 2008. Fyrir 2003 vann ég hjá Síldarvinnslunni í Neskaupsstað sem vélstjóri á Berki NK og sem nemi í vélsmiðju fyrirtækisins á árunum 1998 til 2000. Á tímabili starfaði ég samhliða annari vinnu, sem ráðgjafi fyrir orkufyrirtæki og rafveitur um innleiðingu ljósbogavarna. Það fólst m.a. í útreikningi á ljósbogaorku í virkjunum, mati á hættu á ljósbogaslysum og að koma með tillögur um úrbætur og þjálfa starfsfólk. Að auki hef ég sinnt ýmsum öðrum störfum gegnum tíðina, til sjós og lands, hjá hinum ýmsu fyrirtækjum, ýmist sem vélstjóri eða ófaglærður.

Menntun:
Ég kláraði Vélskóla Íslands í lok árs 1997 og tók í kjölfarið smiðjutíma og sveinspróf í vélsmíði árið 2000 og er því m.a. vélfræðingur. Árið 2003 tók ég mig til, hætti til sjós og flutti með fjölskylduna frá Neskaupsstað til Odense í Danmörku, þar sem ég hóf nám í rafmagnstæknifræði á sterkstraumssviði við tækniháskólann í Odense. Ég útskrifaðist þaðan árið 2006 og hóf sama ár meistaranám í rafmagnsverkfræði við danska tækniháskólann i Kaupmannahöfn (DTU). Persónulegar ástæður urðu til þess að ég flutti til Íslands 2008 áður en ég lauk námi við DTU. Árið 2015 skráði ég mig hins vegar í meistaranám í raforkuverkfræði við Háskólann í Reykjavík með það fyrir augum að klára meistaranámið. Eftir að hafa stundað námið samhliða vinnu í tvo vetur varði ég svo meistaraprófsritgerð við HR í júní 2017 með góðum árangri.

Þátttaka í nefndum og stjórnum
Ég hef frá því í nóvember 2012 verið fulltrúi Samtaka Atvinnulífsins í Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Nefndin kemur saman einu sinni í mánuði, sér um útgáfu starfsleyfa og tekur á málum sem varða heilbrigðismál á svæðinu.
Síðustu tvö ár hef ég verið í stjórn Hjólreiðasambands Íslands og mun láta af því í mars 2018. Ég hef verið í stjórn Hjólreiðafélagsins Bjarts í Hafnarfirði frá árinu 2015 og sinnti um fjögurra ára skeið nefndarstörfum fyrir Ferðaklúbbinn 4x4. Að auki hef ég setið í stjórnum starfsmannafélaga, útivistarfélaga og hestamannafélags þar sem ég hef ýmist verið ritari, gjaldkeri eða formaður.